

Nd.

794. Breytingartillaga

[69. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán til kaupa á togurum og togveiðibát.

Frá Einari Olgeirssyni.

Aftan við 1. gr. bætist svo hljóðandi málsgr.:

Ef ábyrgð samkv. 1. mgr. á að veita til kaupa á skipi, sem skrásett er á öðrum stað innlendum, og það hefur verið gert út þaðan, þá skal ríkisstjórnin leita eftir því, hvort sveitarfélag er fúst til að gera skipið þaðan út, og gefa því þá kost á sams konar ábyrgð til kaupanna. Skal á þann hátt tryggja, að íbúar þess staðar, sem skipið hefur verið gert út frá, verði ekki sviptir atvinnumöguleikum með því, að meiri hlunnindi séu veitt af hálfu ríkisins til hagnýtingar atvinnutækjanna annars staðar.